

Fréttabréf 6. bekkjar

Berjanes

Við fórum í vor og gróðursettum fræ í hrossaskit, moltu og hefðbundin áburð (Blákorn).



Föstudaginn 17.9 fórum við að skoða hvað rættist úr því. Það var frekar mikil mosi, gras og blóðberg en það kom í ljós að moltan var best í að græða upp land. Veðrið var þokkalegt svolítið kalt. Þessi vinna kom okkur að óvart og var þetta gaman.



Fiskar

Við höfum fjóra gullfiska í kennslustofunni okkar þeir heita Mjallhvít, Kaka, Nemó og Bumbi. Kaka er appelsínugul og hún er þínu lítil, Nemó er er stærstur og frekastur og syndir mest. Hann er appelsínugulur hvítur og svartur. Mjallhvít er mjög fallega hvít- silfur bleik og Bumbi er feitur og lítill og syndir hægst. Hann er appelsínugulur efri helmingurinn

og neðri helmingurinn er hann silfurlitaður. Þeir hafa mikið af flottu dóti í búrinu sínu.

Fiskamaturinn sem þeir borða heitir Tropisk og það eru svona fiska flögur og það þarf einu sinni í viku að skipta um vatn hjá þeim.

Umhverfisnefnd og pappírssparnaður

Einar Valgeir og Unnur Kristín voru kosin sem fulltrúar 6. bekkjar í umhverfisnefnd fyrir þetta skólaár. Þau taka við af Ásgeiri Ómari og Fríðu Hildi. Undanfarið hefur verið mikil umræða um pappírshotkun í skólanum og höfum við komið að þeirri niðurstöðu að við þurfum að minnka pappírshotkun t.d. í dönsku og við handþvott.

Allt of mikið af pappír fer í að þurrka hendur t.d. ef 23 nemendur þvo sér þrisvar á dag og nota alltaf tvö bréf þá verða það samtals 138 bréf á dag aðeins á 6.bekk!



Við höfum verið að velta fyrir okkur ýmsum lausnum til að spara t.d. handþurrkur og kom upp hugmynd um að fjárfesta í rafmagnsblásara eða nota þvottapoka eða lítið handklæði. Fulltrúar okkar ætla að koma þessum hugmyndum á framfæri á næsta umhverfisnefndarfund.



Fjallgangan

Þann 9.9 fórum við í 5.– 10. bekk í fjallgöngu upp með Skógá. Það var gott veður en smá vindur. Fjallgangan tók þrjá og hálfan klukkutíma og eftir fjallgöngu voru grillaðar pysur á tjaldstæðinu við Skógafoss. Fjallgangan var frekar erfið og var stiginn erfiðasti parturinn ;) Við sáum líka marga fossa og mosa á fjallinu.

Verkefnið okkar úti

Við byrjun haustannar settumst við niður og hófumst handa við að skipuleggja svæði sem við höfum til afnota fyrir utan stofuna okkar. Ásta skipti okkur í 4 hópa og við teiknuðum upp svæðið. Það sem okkur fannst þurfa að breyta og betrubæta er eftirfarandi:

- ◊ Stækka útisvæðið fyrir hænurnar
- ◊ Færa gróðurhúsið
- ◊ Smíða geymslu
- ◊ Gera bekki
- ◊ Gera leiksvæði fyrir hænur
- ◊ Snyrta trén
- ◊ Gera svæðið hæfilegt fyrir alla aldurshópa



Í síðustu viku stytta loksins upp og við náðum að klára að moka úr dekkjunum sem geymdu áður blóm. Þessi dekk verða svo endurnýtt á ný í ýmis verkefni. Við erum einnig búin að snyrta trén og grafa fyrir stækkuninni á hænsnabúrinu. Næstu verkefni hjá okkur verða að gera hlið, klára að snyrta trén og svæðið þar í kring, færa bekki undir trén og svo stefnum við vonandi á að færa gróðurhúsið í vor



Hænur í Hvolsskóla

Við í Hvolsskóla erum með 10 hænur og erum við í 6. bekk að vinna í hænsnakofanum að gefa hænunum mat og taka eggin. Við skolum og þurrkum eggin og setjum þau í box. Eftir það fara þau inn í ísskápinn í heimilisfræði og krakkarnir baka svo úr eggjunum. Við fáum að meðaltali 30 egg á viku. Um páskana fáum við egg frá Ytri-Skógum og eru þessi egg sett í útungunarvél. Við setjum 20 egg í vélina og fáum við oftast 16 unga. Sumir lifa af aðrir ekki. Við í 6. bekk ætlum að hjálpast að við að hugsa vel um þessar hænur.